



Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er hugsaður til að auðvelda nemendum að framkvæma umhverfismat í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni





Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: 22. Apríl 2020 _____

Undirskriftir þátttakenda: Alexander Óli, Rakel Rán, Agnes Anna, Bassi Bói, Agnar Þór, Sigurlaug Anna.

LOFTSLAGSBREYTINGAR OG SAMGÖNGUR

 Kemur þú gangandi, hjólandi með strætó eða á bíl í skólann?			Flestir á bíl en stundum hjóli.
 Minnið þið foreldra á að drepa á bílnum fyrir utan leikskólann? Hvernig? Það er skilti hjá skólanum og svo segjum við mömmu og pabba. Jóna hefur sett í fréttabréf			
			
 Eru gróðursetningardagar á leikskólanum? Eruð þið með tré í fóstri?			
 Vitið þið hvað trén gera fyrir loftið okkar?			
 Eru einhverjir dagar þar sem ekki er kjöt í matinn á leikskólanum?			
 Er einhver matur sem þið borðið á leikskólanum búinn að fara í langt ferðalag til að komast á diskinn ykkar?			
 Borðið þið einhvern mat sem er búinn til á Íslandi?			
 Ræktið þið matjurtir og/eða grænmeti á skólalóðinni? En heima? Karteflur, krydd, pabriku, jarðaber,			
 Farið þið í útikennslu með kennurunum? Farið þið oft í göngu/hjólreiðatúra?			

 Getið þið beðið einhver fyrirtæki í bænum ykkar að hugsa betur um jörðina?			
 Skráið þið veðurfar/hitastig á hverjum degi?			
Vitið þið hvort er betra fyrir umhverfið að borða mat sem er gerður á Íslandi eða langt í burtu? Af hverju? Íslandi því hann er miklu betri og þá mengum við jörðinna minna.			
Vitið þið hvaða ferðamátar eru bestir fyrir náttúruna? Hjóla og labba.			

Hvað er hægt að gera til að draga úr loftslagsbreytingum?

Ekki hafa rusl á jörðinni. Setja ruslið í rétta ruslatunnu. Búa til mat sem er gerður á Íslandi. Reyna að hjóla og labba sem mest.

